



# Vatnajökulsþjóðgarður

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstaða.....	7
5	Fylgni við lög og reglur.....	8
5.1	Inngangur .....	8
5.1.1	Risna.....	8
5.1.2	Opinber innkaup .....	8
5.1.3	Innkaupakort.....	8
5.1.4	Láns og reikningsviðskipti .....	8
5.1.5	Styrkir.....	8
5.1.6	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	9
5.2	Niðurstöður .....	9
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	10
6.1	Sértekjur.....	10
6.1.1	Aðrar þjónustutekjur .....	10
6.1.2	Gisting og veitingaþjónusta .....	10
6.1.3	Bækur, áfengi, fatnaður og hreinlætisvörur .....	10
6.1.4	Leigutekjur .....	10
6.1.5	Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana .....	10
6.1.6	Rekstrarframlög frá einka- og opinberum aðilum .....	10
6.1.7	Framlög til fjárfestinga frá innlendum opinberum aðilum ....	11
6.1.8	Fjármagns- og aðrar tekjur .....	11
6.2	Laun og launatengd gjöld.....	11
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	11
6.4	Niðurstaða.....	11
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	12
7.1	Eignir .....	12
7.1.1	Birgðir.....	12
7.1.2	Handbært fé.....	13
7.1.3	Viðskiptakröfur .....	13
7.2	Eigið fé og skuldir .....	13
7.2.1	Höfuðstóll .....	13
7.2.2	Langtímaskuldir.....	13
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	13
7.2.4	Ríkissjóður.....	13
7.3	Niðurstaða.....	13
8	Önnur atriði .....	14
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	14
8.2	Lögfræðibréf .....	14
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	14
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	14

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Vatnajökulspjóðgarðs var síðast tekinn til skoðunar árið 2015 vegna ársins 2014.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Við endurskoðun ársreiknings Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir árið 2016 komu m.a. fram eftirfarandi ábendingar.

### 1. Verkferlar og skráning verklagsreglna

Gera þarf átak í því að yfirfara verkferla ásamt því að skrá verklagsreglur til að tryggja skilvirkt innra eftirlit. Ríkisendurskoðun bendir á það að þrátt fyrir að komið hafi verið á ýmsum skilvirkum ferlum þarf að yfirfara og skilgreina verklagsferla betur ásamt því að skrá ferla og verklagsreglur.

### 2. Samþykki ráðningarsamninga

Framsal á heimild til samþykkis á ráðningarsamninga þarf að vera skriflegt. Gera þarf formlegt framsal til þjóðgarðsvarða sem sjá um að ráða starfsmenn á viðkomandi starfsstöð. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda er vinna við gerð verkferla hafin.

### 3. Innkaupareglur

Ríkisendurskoðun leggur til að mótuð verði innkaupastefna fyrir stofnunina og verklagsreglur um innkaup á grundvelli þeirrar stefnu. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda hafa nú þrjár aðilar heimild til að samþykkja reikninga, framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og bókari. Þegar um risnu er að ræða þarf samþykki framkvæmdastjóra fyrir útgjöldum. Þá er bent á að samþykki fagráðuneytis og fjármálaráðuneytis þarf fyrir rekstrar- og kaupleigusamningum.

### 4. Birgðir

Staðfesta þarf birgðatalningar og samræma þarf mat á verðmæti birgða af hálfu stjórnenda stofnunarinnar. Birgðastýringarkerfi er ekki til staðar og eignfærð birgðastaða byggir á vörutalningum frá sex starfsstöðvum. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum er unnið að því að laga og endurbæta verklag.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkisins á fjárlögum 2016 til Vatnajökulspjóðgarðs nam 532,1 m.kr. Til viðbótar fékk stofnunin 29,8 m.kr. á fjárukalögum sem skiptist þannig að 19,0 m.kr. fóru til launaliðar í almennum rekstri en á móti voru önnur rekstrargjöld lækkuð um 6,0 m.kr. og framkvæmdaliður var hækkaður um 16,8 m.kr. Endanleg fjárheimild ársins varð því 561,9 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 547,9 m.kr. og því varð tæplega 14,0 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 eða 2,5% af fjárheimildum ársins. Til samanburðar var 36,6 m.kr. tekjuhalli Vatnajökulspjóðgarðs vegna fjárhagsársins 2015.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt rekstrarniðurstöðu ársins 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-253.900	-253.900	-363.841	109.941	-378.164
Launagjöld	411.700	430.700	370.869	59.831	311.757
Önnur rekstrargjöld	292.300	303.100	496.155	-193.055	514.810
Eignakaup	82.000	82.000	42.622	39.378	41.416
Tilfærslur	0	0	2.120	-2.120	2.684
<b>Samtals</b>	<b>532.100</b>	<b>561.900</b>	<b>547.924</b>	<b>13.976</b>	<b>492.503</b>

Sértekjur voru 109,9 m.kr. hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Launagjöld voru 59,8 m.kr. lægri en fjárheimildir og önnur rekstrargjöld voru 193,1 m.kr. hærri en fjárheimildir, sem skýrist að nokkru leyti af tekjufærðum styrkjum til stofnunarinnar og útgjöldum vegna þeirra.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Í rekstraráætlun var fjárheimildum skipt með öðrum hætti en í fjárheimildakerfinu og gerði rekstraráætlun ráð fyrir umtalsvert hærri sértekjum og hærri öðrum rekstrarkostnaði. Frávik voru á flestum liðum bæði í sértekjum og gjöldum. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir 11,0 m.kr. tekjuafgangi á árinu en 14 m.kr. tekjuafgangur varð á fjárhagsárinu 2016.

### 3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur Vatnajökulspjóðgarðs árið 2016 nam 14,0 m.kr. sem var betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun og lækkar uppsafnaðan halla úr 82,5 m.kr. í 68,5 m.kr. Rekstraráætlun var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og fylgst er með frávikum frá áætlun innan ársins.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfinu kom í ljós að farið er eftir almennum verklagsreglum um ýmsa þætti sem snúa að innra eftirliti en skriflega heildarlýsingu vantar á alla verkferla er snúa að bókhaldi, fjármálum, tekjum, innkaupum og starfsmannamálum. Skipurit er til fyrir stofnunina en það hefur hvorki verið samþykkt af stjórn né ráðherra samkvæmt upplýsingum stjórnenda.

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins eins og fyrir viðskiptaskuldir, viðskiptakröfur og eignaskráningu. Einnig er tekjubókhaldskerfi ríkisins notað fyrir afmarkaðar tekjur og sjóðvélar. Vatnajökulsþjóðgarður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjárslu ríkisins.

Framkvæmdastjóri áritar ráðningarsamninga fastra starfsmanna en þjóðgarðsverðir, sem eru stjórnendur starfsstöðva, undirrita ráðningarsamninga starfsmanna sem heyra undir þeirra starfsstöðvar. Ekki liggur fyrir skrifleg heimild frá framkvæmdastjóra til þjóðgarðsvarða vegna undirritunar ráðningarsamninga og gerir Ríkisendurskoðun athugasemd við það. Bent er á að í 42. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir að gerður skuli skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns og starfsmanns. Þar sem tilgreint er sérstaklega að ráðningarsamningur sé milli forstöðumanns og starfsmanns er mælt til að í þeim tilvikum sem framkvæmdastjóri undirritar ekki ráðningarsamninga liggi ljóst fyrir hverjir eigi að undirrita ráðningarsamninga í umboði hans og það skjalfest. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda er unnið að endurbótum á verklagi varðandi ráðningar.

Viðvera og fjarvistir starfsmanna voru skráðar í skráningarkerfið Tímon árið 2016 en viðverukerfið Vinnustund var tekið í notkun árið 2017.

Framkvæmdastjóri, sem staðsettur er í Reykjavík, og bókari, sem staðsettur er í Fellabæ, árita reikninga. Fjármálastjóri sem hóf störf seinni hluta árs 2016 áritar einnig reikninga. Reikningar sem völdust í úrtak til skoðunar voru samþykktir af einum aðila. Ríkisendurskoðun mælist til að farið verði eftir þeirri meginreglu að tveir aðilar samþykki reikninga til greiðslu, þannig að ferlið byggist á því að sá sem stofnar til kostnaðarins staðfesti að forsendur reiknings séu réttar þar

með talið verð og magn og að vara hafi verið móttækin. Samþykki fjármálastjóra og/eða framkvæmdastjóra felst síðan í því að heimild hafi verið fyrir kaupunum og að þau hafi verið í samræmi við innkaupareglur stofnunarinnar. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda kallar sá sem samþykkir reikninga að jafnaði eftir samþykki frá þeim sem stofnaði til útgjalda, þannig að um tvöfalt samþykki er að ræða og í sumum tilfellum þrefalt.

Ríkisendurskoðun bendir á að mikilvægt er að stjórnarsýsla stofnunarinnar varðandi bókhald og fjármál sé á sömu starfsstöð til að stytta boðleiðir, auka skilvirkni ferla og yfirsýn stjórnenda.

### 4.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að þrátt fyrir að komið hafi verið á ýmsum skilvirkum ferlum þarf að gera áttak í því að yfirfara og skilgreina verklagsferla ásamt því að skrá ferla og verklagsreglur til að tryggja skilvirkt innra eftirlit. Þá er bent á að gera þarf formlegt framsal til þjóðgarðsvarða sem sjá um að ráða starfsmenn á viðkomandi starfsstöð og æskilegt er að í þeim tilvikum séu ráðningarsamningar undirritaðir af tveimur aðilum. Einnig er mælt með því að spor um tvöfalt samþykki á reikninga til greiðslu verði gert sýnilegt fyrir alla reikninga.



## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

#### 5.1.1 Risna

Fjórir risnureikningar voru skoðaðir en þeir tóku til 94% af heildarkostnaði vegna risnu ársins 2016. Tveir reikningar voru undirritaðir af framkvæmdastjóra og tveir af bókara. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við að risnuheimild var ekki til staðar og tilefni risnu kom ekki fram á reikningum.

#### 5.1.2 Opinber innkaup

Verklagsreglur um innkaup fyrir Vatnajökulsþjóðgarð eru ekki til staðar en samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra eru rammasamningar Ríkiskaupa hafðir til hliðsjónar og notaðir eftir atvikum. Bent er á að móta þarf innkaupastefnu og verklagsreglur varðandi innkaup.

#### 5.1.3 Innkaupakort

Vatnajökulsþjóðgarður nýtir innkaupakort m.a. til greiðslu innlends ferðakostnaðar og minni háttar kaupa á rekstrarvörum fyrir starfsstöðvar. Ríkisendurskoðun bendir á að skoðað verði hvort lækka megi úttektarheimild innkaupakorta en tvö innkaupakort hafa úttektarheimild að fjárhæð 2,1 m.kr. Einnig þarf sá sem fær innkaupakort til afnota að undirrita og samþykkja reglur um notkun kortsins.

#### 5.1.4 Láns- og reikningsviðskipti

Vatnajökulsþjóðgarður er með þrjá bílasamninga og einn kaupleigusamning sem eru til lengri tíma en 90 daga. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra var aflað viðeigandi samþykkis fyrir rekstrar- og kaupleigusamningum áður fyrr en það hefur ekki alltaf verið gert þegar til endurleigu kemur. Ríkisendurskoðun bendir á að ríkisstofnunum í A-hluta ríkissjóðs er ekki heimilt að efna til skuldbindinga án samþykkis fagráðuneytis og fjármálaráðuneytis, sbr. 6. gr. reglu nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs.

#### 5.1.5 Styrkir

Veittir voru styrkir til Slysavarnafélagsins Landsbjargar vegna slysavarna ferðamanna á hálendi þjóðgarðsins og til Saga Z. ehf. vegna fræðslu og auglýsinga um þjóðgarðinn. Gjaldfærsla er í samræmi við reglur Fjárýslu ríkisins um að styrki ber að gjaldfæra þegar tekin hefur verið ákvörðun um styrkveitingu.



### 5.1.6 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK er í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

## 5.2 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á eftirfarandi atriði varðandi fylgni við lög og reglur:

- Þegar um risnu er að ræða þarf samþykki framkvæmdastjóra fyrir útgjöldum ásamt því að tilgreina þarf tilefni og hverjir nutu risunnar. Einnig er bent á eyðublöð Fjársýslu ríkisins fyrir risnuheimild.
- Setja þarf stofnuninni innkaupastefnu og verklagsreglur um innkaup.
- Handhafi innkaupakorts þarf að hafa samþykkt móttöku kortsins og reglur um notkun. Einnig þarf að skoða fjárhæð heimildar til úttektar.
- Fagráðuneyti og fjármálaráðuneyti þurfa að samþykkja rekstrar- og kaupleigusamninga samkvæmt reglu nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

### 6.1 Sértekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu sértekjur Vatnajökulsþjóðgarðs 363,8 m.kr. og skiptast í tekjuflokka eins og fram kemur í neðangreindri töflu.

Í þús.kr.	2016	2016	2016	2015
<b>Sértekjur</b>	Vatnajökuls- þjóðgarður	Framkvæmdir	Samtals	Samtals
Aðrar þjónustutekjur	26.625		26.625	15.613
Gisting og veitingaþjónusta	163.469		163.469	107.872
Bækur, áfengi, fatnaður og hreinlætivörur	81.576		81.576	67.590
Leigutekjur	6.377		6.377	7.616
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	2.287	82.510	84.797	109.980
Rekst.frml. frá einka- og opinb. aðilum, innl- og erlendum	250	1.389	1.639	15.237
Framlög til fjárf. frá innl. opinb. aðilum	1.595		1.595	42.190
Fjármagns- og aðrar tekjur	-2.238		-2.238	1.847
<b>Sértekjur alls</b>	<b>279.942</b>	<b>83.899</b>	<b>363.841</b>	<b>367.944</b>

#### 6.1.1 Aðrar þjónustutekjur

Aðrar þjónustutekjur eru vegna sölu á rafmagni á tjaldstæðum, þjónustukortum og ýmissi vöru og handverki. Þá er innheimta gistináttaskatts meðtalin í öðrum þjónustutekjum.

#### 6.1.2 Gisting og veitingaþjónusta

Greiðslur vegna tjaldgistinga og gistingar í gistiskálum ásamt veitingasölu. Tekjuaukning frá árinu 2015 nam 55.6 m.kr. eða 52%.

#### 6.1.3 Bækur, áfengi, fatnaður og hreinlætisvörur

Vörusala á bókum, áfengi, fatnaði o.fl. fellur undir þennan lið.

#### 6.1.4 Leigutekjur

Tekjur af útleigu á aðstöðu til ferðaþjónustuaðila flokkast sem leigutekjur auk húsaleigu starfsmanna og aðrar leigutekjur.

#### 6.1.5 Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana

Um er að ræða framlög frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til framkvæmda sem stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón. Framlög lækkuðu frá árinu 2015 um 25,2 m.kr. eða 23%.

#### 6.1.6 Rekstrarframlög frá einka- og opinberum aðilum

Hér er um að ræða frjáls framlög frá félaginu Vinir Vatnajökuls sem námu 1,6 m.kr. árið 2016 og lækkuðu frá fyrra ári um 13,6 m.kr.

### 6.1.7 Framlög til fjárfestinga frá innlendum opinberum aðilum

Framlag frá Sveitarfélaginu Hornafjörður sem er endurúthlutun á framlagi vegna ferðamála, er eina framlagið frá innlendum opinberum aðilum. Tekjur af þessum lið lækkuðu um 40,6 m.kr. frá fyrra ári en það ár fengust einnig framlög frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

### 6.1.8 Fjármagns- og aðrar tekjur

Um er að ræða vaxta- og fjármunatekjur, skaða- og tjónabætur og ýmsar aðrar tekjur. Tekjuliður er neikvæður um 2,2 m.kr. en var jákvæður um 1,8 m.kr. árið 2015.

## 6.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld á árinu 2016 námu 370,9 m.kr. og hækkuðu um 59,1 m.kr. frá fyrra ári eða 19%. Á árinu 2016 var greitt fyrir 43,3 ársverk á dagvinnu miðað við 36,9 ársverk á fyrra ári sem er hækkun um 6,3 ársverk eða 17,2%. Laun og launatengd gjöld á ársverk hækkuðu um 1,5%.

Í mars 2017 féll dómur í Hæstarétti varðandi kröfu starfsmanns um svokallað óbyggðarálag. Stofnunin tapaði því máli og felur dómurinn í sér umtalsverðan útgjaldaauka. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra er áætlað að um 10 m.kr. falli til árið 2017 og 4 til 5 m.kr. á ári hér eftir. Launakostnaður árið 2016 er því vantallinn sem því nemur.

Við launaendurskoðun ársins 2016 voru allar launahreyfingar starfsmanna á launalista skoðaðar og breytingar á milli árána 2015 og 2016 bornar saman. Launabreytingar fylgdu kjarasamningum. Ráðningasamningar og gögn vegna breytinga voru skoðuð í úrtaki starfsmanna.

## 6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld á árinu 2016 námu 496,2 m.kr. og lækkuðu um 18,6 m.kr. frá fyrra ári eða 3,6%. Við endurskoðunina var farið yfir kostnað stofnunarinnar og færslur skoðaðar í hreyfingalista bókhalds auk samanburðar á milli ára. Einnig voru fylgiskjöl skoðuð eftir úrtaki. Lotun annarra rekstrargjalda um áramót milli árána 2016 og 2017 var skoðuð í úrtaki. Athugað hvort færslur væru færðar á rétta bókhaldslykla, reikningar samræmdust starfsemi stofnunar og væru áritaðir til greiðslu.

Við skoðun á lotun var úrtak tekið af hreyfingalista janúar og febrúar árið 2017. Valdir voru 18 reikningar til skoðunar og reyndust þrír vera rangt lotaðir, þ.e. þeir hefðu átt að bókast á árið 2016. Heildarupphæð úrtaks var 11,8 m.kr. af alls 55,6 m.kr. Þar af nam röng lotun 1,5 m.kr. eða 12,4%.

## 6.4 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að bæta þarf umsýslu um gögn vegna ráðninga og breytingasögu. Einnig þarf að huga að lotun tekna og gjalda um áramót, þannig að gjöld og tekjur vegna viðkomandi rekstrarárs komi til bókusar á viðeigandi ári.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 250,7 m.kr., skuldir námu 319,2 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 68,5 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Birgðir	23.384	18.096	5.287
Handbært fé	50.947	234.404	-183.457
Viðskiptakröfur	176.401	117.359	59.042
Eignir alls	250.732	369.859	- 119.127
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-68.489	- 82.465	13.976
Langtímaskuldir	5.294	11.578	-6.284
Viðskiptaskuldir	48.144	37.589	10.555
Ríkissjóður	265.783	403.157	-137.374
Eigið fé og skuldir alls	250.732	369.859	-119.127

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Birgðir

Birgðir í árslok námu 23,4 m.kr. og höfðu aukist um 5,3 m.kr. frá fyrra ári. Birgðir samanstanda af ýmsum vörum sem til sölu eru á starfsstöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í þús. kr.	Birgðir 2016	Birgðir 2015	Breyting
Gestastofa Ásbyrgi	3.911	2.232	1.679
Snæfellsstofa Skriðuklaustri	4.260	1.921	2.339
Skaftafell	11.077	7.480	3.597
Gestastofa Höfn	2.361	4.578	-2.217
Gestastofa Kirkjubæjarklaustri	476	587	-111
Húfur og bolir	1.300	1.300	0
<b>Samtals</b>	<b>23.384</b>	<b>18.096</b>	<b>5.287</b>

Staða birgða í efnahagsreikningi byggir á vörutalningum frá sex starfsstöðvum samkvæmt útfylltum Excel-skjölum þar sem ekki er til staðar birgðastýringarkerfi. Ein talning var staðfest af framkvæmdastjóra. Í tveimur vörutalningum koma fyrir nöfn talningamanna en í þremur talningum koma ekki fram nöfn þeirra sem stóðu að talningu eða staðfestingar á vörutalningu. Ríkisendurskoðun bendir á að staðfesta þarf birgðatalningar og endurmeta verðmæti birgða sem ekki hafa hreyfst í nokkur ár. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum er unnið að því að laga og endurbæta verklag.

### 7.1.2 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjö smásjóðum á starfsstöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs og átta bankareikningum samtals 50,9 m.kr. Sjóður, samkvæmt ársreikningi, nam kr. 397.220. Sjóðir eru staðfestir með sjóðstalningarblöðum. Bæta má frágang sjóðstalningareyðublaða þannig að auðvelt verði að sjá í hvaða starfsstöð Vatnajökulsþjóðgarðs sjóðurinn er. Einnig þarf að koma fram hver telur og hver staðfestir sjóðstalningu. Innstæður á átta bankareikningum námu samtals kr. 50.549.897. Við endurskoðun var óskað eftir staðfestingu viðskiptabanka á bankainnstæðum og var staða á yfirlitum frá banka í samræmi við stöðu í bókhaldi Vatnajökulsþjóðgarðs.

### 7.1.3 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur í árslok námu 176,4 m.kr. og höfðu hækkað um 59,0 m.kr. frá fyrra ári. Hækkunin stafar að mestu af aukinni inneign hjá framkvæmdasjóði ferðamannastaða sem nam 157,0 m.kr. í árslok en 94,7 m.kr. í byrjun árs. Viðskiptakröfur vegna útistandandi krafna námu 18,7 m.kr. í árslok og voru að mestu greiddir þegar endurskoðun fór fram fyrir utan kröfur að fjárhæð 0,9 m.kr.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll

Í árslok 2016 var höfuðstóll stofnunarinnar neikvæður um 68,5 m.kr. og hafði lækkað um 14 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins. Í þessu sambandi er vakin athygli á skyldum forstöðumanna samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta.

### 7.2.2 Langtímaskuldir

Í árslok 2016 námu langtímaskuldir 5,3 m.kr. vegna fjármögnunarleigusamninga og hafði staðan lækkað um 6,3 m.kr. frá fyrra ári. Óverulegur mismunur var á stöðu bókhalds og áramótayfirliti frá bankastofnun eða 27 þús.kr.

### 7.2.3 Viðskiptaskuldir

Í árslok voru viðskiptaskuldir 48,1 m.kr. Þar af voru 41,6 m.kr. viðskiptaskuldir samkvæmt viðskiptaskuldakerfinu.

### 7.2.4 Ríkissjóður

Staða á viðskiptareikningi við ríkissjóð nam 265,8 m.kr. í árslok 2016 og hafði lækkað um 137,4 m.kr. frá fyrra ári.

## 7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að fara þarf yfir verklag varðandi birgðatalningar og að staðfesta þarf talningar og verðmæti birgða af hálfu stjórnenda stofnunarinnar. Einnig er gerð athugasemd við neikvæðan höfuðstól.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda sem var sent til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af framkvæmdastjóra og fjármálastjóra þann 11. apríl 2017.

### 8.2 Lögfræðibréf

Óskað var eftir upplýsingum um málaferli gagnvart Vatnajökulsþjóðgarði, sem mögulega gætu haft fjárhagsleg áhrif á rekstur stofnunarinnar. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda stofnunarinnar eru engin slík mál í gangi svo vitað sé.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Vatnajökulsþjóðgarði voru undirritaðar.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá stofnuninni var undirritað af ríkisendurskoðanda og framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Vatnajökulsþjóðgarðs.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)